



Breytingar í Forsíðu starfsmanns Saga 2018.1


1. Í starfsmannastikunni er nú flýtihnappur inn í „Vinnulisti – Óklárað hjá mér“ gluggann í Forsíðu starfsmanns. Hjá flýtihnappinum sést einnig fjöldi ókláraðra beiðna og ef músarbendill fer yfir flýtihnappinn þá birtist svifmynd með yfirliti yfir beiðnirnar.




2. Nú er hægt að opna skilaboð í nýjum glugga með því að tvísmella á þau. Í nýja glugganum er einnig hægt að svara, áframsenda, merkja lesið og eyða skilaboðum.




Þegar notandi hefur tvísmellt á línu þá birtist skilaboðið í nýjum glugga.



3. Í skilaboðum er núna hægt að draga skilaboð úr ruslakörfunni yfir í innhólfíð eða möppu sem notandi hefur áður búið til.
4. Þegar skilaboð eru skoðuð í Skilaboðum í Forsíðu starfsmanns, ef sláin sem aðgreinir innhólfíð og innihald valins skilaboðs er dregin svo neðarlega að ekki er hægt að sjá allt innihald skilaboðsins, þá er hægt að skruna niður til að sjá restina af skilaboðinu.




5. Bætt hefur verið við flýtihnappi til að velja daginn í dag í Dagskrá.



6. Í Lyfjaendurnýjun í Forsíðu starfsmanns er það núna þannig að ef notandi velur að senda lyfjaendurnýjunarbeiðni eða lyfjaendurnýjun á apótek, þá er sjálfvalið apótekið sem er skilgreint í stilligildi 1036. Ekki er lengur hægt að senda eða búa til lyfjaendurnýjun eða beiðni um lyfjaendurnýjun sem sendist á apótek án þess að velja apótek.

7. Í öllum hlutum Forsíðu starfsmanns vistast nú staðsetning færarlegu sláarinnar sem skilur að lista þeirra gagna sem til eru í hverri einingu, frá sýninni sem sýnir innihald atriðis sem valið er úr listanum.
8. Lyfjaendurnýjun – ef breytt er um lyf, þá opnast sjálfkrafa notkunarleiðbeiningaglugginn fyrir lyfið.

Norgesic töflur, 30 stk pr. pakkn. 

Eftirritunarskylt: Nei

Fjöldi pakkninga: Afgreitt magn 30 stk í hverri afgreiðslu

Skömmtun:

Afgreiðist: á daga fresti

Notkun: <Engar notkunarleiðbeiningar>

Fjöldi	Tíðni	Skammtur	Tímabil		
<input type="text" value="0,00"/>	<input type="text" value="0"/>	<input type="text" value="stk"/>	<input type="text" value="á dag"/>		
Morgun	Hádeggi	Síðdeggi	Kvöld	Skammtur	Tímabil
<input type="text" value="0"/>	<input type="text" value="0"/>	<input type="text" value="0"/>	<input type="text" value="0"/>	<input type="text" value="stk"/>	<input type="text" value="á dag"/>

Notkunarleiðbeiningar

<Engar notkunarleiðbeiningar>

Ábendingar/lyf er notað við

Gildir frá:

Gildir til:

Ath. til apóteks:

Með kveðju
TMS - Heilbrigðislausnir